



Reykjavík 26. febrúar 2021

## Niðurstaða athugunar á eiginfjárskýrslu Íslandsbanka hf.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) hóf í maí 2020 athugun á eiginfjárskýrslu Íslandsbanka hf. Niðurstaða lá fyrir í desember 2020. Athugunin var hluti af þemaathugun Fjármálaeftirlitsins hjá Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og Landsbankanum hf.

Markmið athugunarinnar var að kanna hvort verklag bankans við framsetningu á tilteknum þáttum í eiginfjárskýrslu bankans væri í samræmi við kröfur í lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og reglugerð nr. 233/2017, um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja, sbr. reglugerð (ESB) nr. 575/2013 (CRR).

Athugunin var framkvæmd með þeim hætti að valin voru úrtök úr afmörkuðum hluta eiginfjárskýrslu bankans m.v. 31. desember 2019 og kannað sérstaklega hvort bankinn uppfyllti eftirfarandi kröfur og hvort verklag bankans staðfesti að bankinn starfaði í samræmi við þær:

1. Ákvæði 24. gr. reglugerðar nr. 233/2017 við flokkun lána einstaklinga, lítilla og meðalstórra fyrirtækja í 75% áhættuvog.
2. Ákvæði 25. gr. reglugerðar nr. 233/2017 þegar lán tryggð að fullu með veði í fullbúnu íbúðarhúsnæði á Íslandi eru flokkuð í 35% áhættuvog.
3. Ákvæði 25. gr. reglugerðar nr. 233/2017 þegar lán tryggð að fullu með veði í viðskiptahúsnæði á Íslandi eru flokkuð í 50% áhættuvog.
4. Ákvæði 40. gr. reglugerðar nr. 233/2017 að nota megi frádrátt vegna öruggra eignaliða við útreikning fjárhæðar áhættuskuldbindinga fyrirtækja.

Að teknu tilliti til þeirra gagna og upplýsinga sem Fjármálaeftirlitið aflaði við athugunina var það niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að skjalfest aðferðafræði bankans varðandi flokkun lána í áhættuvogir væri ekki að fullu í samræmi við framangreindar kröfur í lögum nr. 161/2002 og reglugerð nr. 233/2017, sbr. CRR.

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemdir við að skjalfesting á aðferðafræði varðandi flokkun lána í áhættuvogir væri ekki fullnægjandi; að skortur væri á skjalfestu verklagi varðandi mat á hæfi fjárhagslegra trygginga og að bankinn hafði ekki haft eftirlit með að veðsett íbúðarhúsnæði væri tryggt með fullnægjandi hætti og hafði ekki sett sér verklag því tengt.